

Föstudaginn 17. febrúar 1950.

Nr. 3/1948. **Tryggvi Sigfússon f. h. ólögráða sonar síns Sverris** (Egill Sigurgeirsson)
 gegn
borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
 (Theódór B. Líndal).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
 og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
 hrd. Þórðar Eyjólfssonar og hrd.
 Jónatans Hallvarðssonar.

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1948, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 21205.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1947 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir undirrétti og Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa tveir farþegar úr strætisvagninum komið fyrir dóm, og telja þeir, að vagninn muni hafa verið kominn á hreyfingu, er slysið varð.

Eigi verður talið sannað, að bifreiðarstjórinn hafi gengið úr skugga um, að afturdyrnar væru lokaðar, er hann ók af stað.

Þegar þessa er gætt, þykir rétt með skírskotun til 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 að leggja ábyrgð á tjóni áfrýjanda á stefnda.

Kröfu sína hefur áfrýjandi sundurliðað þannig:

- | | |
|--|-------------|
| 1. Vinnutjón | kr. 1205.00 |
| 2. Bætur fyrir sársauka, þjáningar, lýti, óþægindi o. fl. | — 5000.00 |
| 3. Bætur fyrir varanlegt heilsutjón | — 15000.00 |

Um fjárhæðina eftir 1. lið er ekki ágreiningur, og ber því að taka hana til greina.

Bætur samkvæmt 2. lið þykja hæfilega ákveðnar kr. 3000.00. 3. kröfulið þykir rétt að taka til greina með kr. 10000.00. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda samtals kr. 14205.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1947 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Tryggva Sigfússyni f. h. ólögráða sonar síns Sverris, kr. 14205.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1947 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. okt. 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Tryggvi Sigfússon, Herskálahverfi 38 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu f. h. ólögráða sonar síns, Sverris Tryggvasonar, með stefnu útgefni 11. febrúar s. l. gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta vegna slysfara að fjárhæð kr. 21205.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa, en *til vara* lækkunar á dómkröfum stefnanda að mati dómarans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. apríl 1946 var stefnandi, Sverrir Tryggvason, farþegi í strætisvagni, sem var eign stefnda. Stóð Sverrir aftarlega í vagninum. Í námunða við Bjarmaland við Laugarnesveg staðnæmðist vagninn til að hleypa út farþegum. Einn eða fleiri af farþegunum fóru út um afturdyr vagnsins. Vagninn var ekki þannig gerður, að hægt væri að loka afturdyrum hans úr sæti bifreiðarstjóra, og urðu farþegar því að annast það. Ætlaði stefnandi að loka dyrunum innan frá, er farþegarnir voru farnir út, en samtímis skellti farþegi, sem farið hafði út um afturdyrnar, hurðinni að stöfum utan frá, með þeim afleiðingum að hægri hönd stefnanda varð á milli dyrastafsins og læsingarjárnns hurðarinnar. Tók framan af vísingri hans um miðjan miðfingurköggul og nögl og framan af gómi löngutangar. Stefnandi virðist ekki hafa tekið eftir meiðslum sínum þegar í stað, og var bifreiðarstjóranum ekki gert aðvart um slysið, fyrr en að stundarkorni liðnu, er hann hafði ekið nokkurn spöl. Gerði bifreiðarstjór-

inn ráðstafanir til að koma stefnda til læknis, þegar er honum var kunnugt orðið um slysið. Er slysið vildi til, var stefnandi 16 ára að aldri og starfaði við verzlun hér í bænum. Var hann frá verkum um nokkurt skeið af völdum slyssins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að vegna áðurgreindra slysfara hafi hann orðið fyrir atvinnutjóni, þjáningum og varanlegri örorku, sem stefnda beri að bæta, þar eð hann var eigandi bifreiðarinnar.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bifreiðin muni hafa verið komin á hreyfingu, er slysið varð, og telur hann, að reglur 1. mgr. 34. greinar bifreiðalaganna eigi hér við. Einnig hefur stefnandi haldið því fram, að útbúnaði bifreiðarinnar hafi verið ábótavant, þar eð ekki hafi verið hægt að loka afturdyrunum úr sæti bifreiðarstjóra, og enn fremur hafi húnn afturhurðar verið of nærri dyrastaf. Þá hefur stefnandi bent á, að ósannað sé, að slá, sem átti að vera á afturhurð til að taka í, þegar henni var lokað, hafi verið á hurðinni, er slysið varð. Enn fremur sé óvíst, að ljós, sem átti að sýna bifreiðarstjóranum, hvort búið væri að loka afturdyrum, hafi verið í lagi.

Loks hefur því verið hreyft af hálfu stefnanda, að þótt fébótaábyrgð yrði ekki lögð á stefnda af neinni þeirri ástæðu, sem að framan greinir, þá sé hann allt að einu skaðabótaskyldur fyrir umrætt slys samkvæmt gildandi réttarreglum um ábyrgð á hættulegum atvinnurekstri.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann sé ekki skaðabótaskyldur vegna slyssins, þar eð bifreiðin hafi verið í fullkomnu lagi, er slysið varð, og bifreiðarstjórinn sýnt fulla aðgæzlu og varfærni.

Stefndi mótmælir því, að bifreiðin hafi verið komin á ferð, er slysið vildi til, og verði orsakir þess því á engan hátt raktar til hreyfingar hennar.

Ósannað er, að bifreiðin hafi verið á ferð, er slysið varð. Verður því eigi byggt á því, að slysið hafi orðið af ástæðum, sem tengdar eru sérstaklega við notkun bifreiðar frammar öðrum farartækjum. Bótareglur 1. sbr. 2. mgr. 34. greinar bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 eiga hér því eigi við.

EKKI verður heldur talið, að aðrar réttarreglur leiði til þess, að bótaábyrgð vegna slyss þessa verði lögð á stefnda, enda er ekki sönnuð vangæzla bifreiðarstjórans né sýnt fram á ófullkominn umbúnað bifreiðarinnar. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregið nokkuð vegna mikilla embættisanna.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Tryggva Sigfússonar f. h. Sverris Tryggvasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.